

## Tillaga um breytingar á réttindum hjá Stapa lífeyrissjóði lögð fyrir ársfund 6. maí 2010.

Stjórn Stapa lífeyrissjóðs hefur ákveðið að leggja eftirfarandi tillögu fyrir ársfund sjóðsins. Tillagan yrði viðbót við Viðauka C í samþykktum sjóðsins:

„Frá 1. maí 2010 að telja verði réttindi og lífeyrir lækkaður um jafngildi þeirrar hækkunar, sem verður á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, þar til lækkunin þannig reiknuð, hefur náð 5% (þ.e. þar til vísitala neysluverðs til verðtryggingar hefur hækkað um 5% frá þeirri vísitölu sem tók gildi 1. maí 2010 án þess að lífeyrir eða réttindi hafi hækkað frá því sem þau voru í apríl 2010). Lækki vísitala neysluverðs í einhverjum mánuði áður en ofangreindri 5% lækkun er náð, skal lífeyrir og réttindi ekki lækka, nema að því marki sem lækkun vísitölu neysluverðs verði meiri en sú lækkun sem þegar hefur orðið vegna framangreindra aðgerða. Breytingar þessar taka til lífeyris, sem og til réttinda sem áfallin voru fyrir 1. maí 2010 og til réttinda vegna innborgana til þess tíma er ofangreindri 5% lækkun er náð. Þegar 5% lækkun hefur verið náð skal miðað að hún nái til allra réttinda vegna iðgjalda sem fallin voru í gjalddaga í þeim mánuði þá er réttindatafla sjóðsins skv. viðauka A í samþykktum lækkuð um 1,403% til að mæta kostnaðaraukningu við aukna ævilengd mv. töflur 2004-2008.“

### Greinargerð:

Ofangreind tillaga er tvíþætt. Annars vegar tekur hún til áunninna réttinda og lífeyris á því tímabili sem tillagan er í gildi. Á því tímabili eru lífeyrir og réttindi lækkuð um það sem nemur hækkun á vísitölu neysluverðs í hverjum mánuði. Með því móti er lífeyri og réttindum í raun haldið óbreyttum að krónutölu. Það má því kalla þessa leið „fyrstingu“. Gert er ráð fyrir að breytingin taki gildi frá og með maí mánuði 2010 og vari þar til vísitala neysluverðs hefur hækkað um 5%.

Hins vegar er ávinnlutafla vegna réttinda lækkuð um 1,403% til að mæta kostnaðaraukningu vegna aukinnar lífslíkna Íslendinga miðað við síðustu reynslutölur í því efni, en þær byggja á reynslu árána 2004-2008. Áður var miðað við reynslutölur árána 2001-2005.

Markmið tillögunnar er að bregðast við versnandi tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins þannig að sem minnst rask verði á högum þeirra sem njóta lífeyris á hverjum tíma. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 10,8% í lok ársins 2010, en hún verður að vera innan við 10% miðað við samþykktir sjóðsins.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins hefur metið líkleg áhrif breytinganna á hag sjóðsins skv. eftirfarandi:

Dæmi I: 5%+3,5%	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarstaða	-10,3%	-7,7%	-5,8%	-4,0%	-2,2%	-0,4%
Áfallin staða	-12,3%	-8,2%	-5,2%	-2,1%	1,3%	4,9%

Hér er gert ráð fyrir að raunávöxtun sjóðsins verði 3,5% og að verðbólga verði 5% á árinu 2010 og 3,5% árin þar á eftir. Hagur sjóðsins skv. þessu fer hægt batnandi og verður kominn í viðunandi horf (minna en 5% halli) árið 2012.

Í þessu sambandi er einnig rétt að hafa í huga að lífeyrir hefur hækkað nokkuð að undanfögnu og í raun talsvert umfram laun þannig hafa breytingar á launum almennt, lífeyri og lágmarkslaunum verið sem hér segir síðustu 3 ár:

Ár	Laun	Lífeyrir	Lágmlaun
2007	6,1%	5,2%	1,6%
2008	10,8%	15,1%	0,0%
2009	3,6%	9,7%	25,6%
Yfir tímabilið	21,8%	32,9%	27,6%

Stjórnin vonast til að með þessum aðgerðum þá verði hagur sjóðsins nægjanlega traustur innan 2-3ja ára. Telur stjórnin að æskilegt sé að gera nýja tryggingafræðilega úttekt þegar þessum aðgerðum er lokið og taka þá ákvarðanir um framhaldið.